

Málskostnaður til handa stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.00.

, Því dæmist rétt vera:

Stefndum, Boga Ólafssyni, ber að rýma íbúð þá, er hann hefur haft á leigu á efri hæð húss stefnandans, Kristínar Sveinbjarnardóttur, Viðimel 36 hér í bænum.

Í málskostnað greiði stefndur stefnanda kr. 100.00

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. nóvember 1941.

Kærumálið nr. 6/1941. Ebenhard Jónsson

gegn

bæjarfógetanum á Akureyri f. h. ríkissjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Frávisunardóm þann, sem kærður er í máli þessu og ranglega er nefndur „úrskurður“, hefur upp kveðið Stefán Stefánsson lögfræðingur, er var setudómari í málinu.

Kærður var frávisunardómur þessi 4. okt. þ. á., en skjöl málsins komu til hæstaréttar þann 18. þ. m. Aðiljar hafa enga greinargerð sent hæstarétti, en ætla má, að kærandi æski ómerkingar hinnar kærðu dómsathafnar.

Mál þetta höfðaði bæjarfógetinn á Akureyri samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra gegn kæranda til innheimtu tekjuskatts, en lögtaksréttur var fyrndur. Kröfu, er kærandi taldi sig eiga á hendur ríkissjóði, mátti kærandi höfða á varnarþingi, þar sem áður nefnt mál á hendur honum var sótt, samkvæmt 2. málsg. 81. gr. laga nr. 85/1936, og stefnu var nægilegt að birta bæjarfógetanum á Akureyri samkvæmt 100. gr. sömu laga. Gagnsökin var því rétt höfðuð, og ber þess vegna að ómerkja hina kærðu dómsathöfn.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Eins og fyrr segir, hefur verulegur dráttur orðið á afgreiðslu þessa máls til hæstaréttar, og eigi hefur héraðsdómari dagsett staðfestingu dómsgerða. Verður hvorttveggja að átelja.

Því dæmist rétt vera:

Hin kærða dómsathöfn á að vera ómerk.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Akureyrar, laugardaginn 4. október 1941.

Bæjarfógetinn á Akureyri hefur sem innheimtumaður manntalsþinggjalda á Akureyri höfðað aðalsök máls þessa gegn Ebenharð Jónssyni, fyrrum bifreiðaeftirlitsmanni á Akureyri, til heimilis í Laxagötu 3, Akureyri, til innheimtu manntalsþinggjalda frá árinu 1939 að upphæð kr. 63.80.

Aðalstefndur telur sig eiga kröfur að upphæð kr. 950.00 á hendur rikissjóði Íslands. Hefur hann í máli þessu gagnstefnt bæjarfógetanum f. h. rikissjóðs og krafist skuldajafnaðar á kröfuupphæð aðalstefnanda, kr. 63.80, og sjálfstæðs dóms fyrir hinum hluta kröfu sinnar. Aðalstefnandi heldur því fram, að sig skorti umboð til að vera í fyrirsvari fyrir rikissjóð um fjárkröfur á hendur sjóðnum, þar á meðal kröfu gagnstefnanda. Sé því eigi rétt stefnt í gagnsökinni. Krefst aðalstefnandi frávisunar gagnsakar á þessum grundvelli.

Gagnstefnandi heldur því hins vegar fram, að þar sem um samkynja kröfur sé að ræða, sem báðar varði hagsmuni rikissjóðs, og þar sem aðalstefnandi hafi á sínum tíma átt að greiða sér hina umstefndu gagnkröfu (kaup bifreiðaeftirlitsmanns), þá hljóti að vera rétt að stefna bæjarfógeta f. h. rikissjóðs.

Hefur frávisunarkrafan verið lögð undir sérstakan úrskurð.

Rétturinn verður að fallast á með aðalstefnanda, að bæjarfógeti geti eigi verið í fyrirsvari fyrir rikissjóð um kröfu þá, sem gagnstefnt er um. Af því leiðir, að eigi er gagnstefnt lögfullum aðilja, og ber því að taka frávisunarkröfuna til greina.

Aðalstefnandi hefur krafist, að gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða sér kr. 150 í málskostnað vegna gagnsakarinnar eða að dómariinn ákveði málskostnað vegna hennar.

Samkvæmt 180. og 181. gr. laga um meðferð einkamála í héraði ber að taka til greina kröfu aðalstefnanda um að fá tildæmdan málskostnað, og þykir hann eftir öllum atvikum hæfilega ákveðinn kr. 75.00.

Því úrskurðast:

Gagnsök frávisast.

Gagnstefnandi greiði aðalstefnda kr. 75.00 í málskostnað innan 15 sólarhringa frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.